

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 25. nóvember 2019

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum varðandi leyfisveitingar (einföldun regluverks). (Mál nr. 332)

Viðskiptaráð þakkar fyrir tækifærið til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri um breytingu á leyfisveitingum til einföldunar regluverks. Viðskiptaráð fagnaði því þegar tilkynnt var um umfangsmiklar aðgerðir til að einfalda regluverk á málefnasviðum ferðamála-, iðnaðar-, og nýsköpunarráðherra og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Þá ber einnig að fagna þeim áformum sem felast í öðrum og þriðja áfanga þessara aðgerða, sem fela í sér að draga enn frekar úr óþarfa reglubyrði og auka rafræna þjónustu hins opinbera. Viðskiptaráð telur slíkar aðgerðir mikilvægar svo unnt sé að auka skilvirkni hjá hinu opinbera, og bíður ráðið því átekta eftir næstu skrefum. Frumvarpið og átaksverkefni ráðherranna tveggja er einnig í samræmi við loforð ríkisstjórnarinnar, þar sem í ríkisstjórnarsáttmálanum kom fram að „átak [verði] gert í einföldun regluverks í þágu atvinnulífs og almennings.“¹

Regluverk á Íslandi er of íþyngjandi

Ráðið hefur lengi talað fyrir einföldun regluverks og styður því að frumvarpið nái fram að ganga. Með fækkun leyfisveitinga er dregið úr óþarfa kvöðum á atvinnulífið þar sem þær kvaðir geta leitt til mikils kostnaðar á fyrirtæki sem til að mynda hamlar samkeppni og skapar aðgangshindranir á markaði. Viðskiptaráð fjallaði um slíkar kvaðir í skoðun sinni í vor, og hvernig sögulegur og alþjóðlegur samanburður bendir til þess að regluverk á Íslandi sé of íþyngjandi.² Slík staða skerðir samkeppnishæfni fyrirtækja, sem kemur niður á viðskiptalífinu og neytendum.

Regluverk leggst þyngst á smærri fyrirtæki, þar sem þau hafa síður bolmagn til að starfa í flóknu rekstrarumhverfi en þau sem stærri eru. Einfaldara regluverk dregur þannig úr aðgangshindrunum og auðveldar nýjum aðilum að efna til samkeppni við þá aðila sem fyrir eru

¹ Sjá Stjórnarsáttmálan hér: <https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/stefnuyfirlysing/>

² Sjá Skoðun Viðskiptaráðs: Gömul vísa en ekki of oft kveðin: Regluverk á Íslandi er of íþyngjandi. <https://medium.com/@vidskiptarad/einfoldun-regluverks-3a59782271a1>

á samkeppnismörkuðum. Að sama skapi dregur einföldun regluverks úr kostnaði hins opinbera við frekari reglusetningu og eftirfylgni til að tryggja að nýju regluverki sé fylgt. Hvort tveggja er til þess fallið að auka framleiðni líkt og rannsóknir benda til.³ Íslenskt regluverk er að dragast lengra aftur úr í að tryggja hagfelld viðskiptaumhverfi í samanburði við þau ríki sem við lítum gjarnan til. Þá þróun verður að stöðva svo samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs á alþjóðamarkaði sé tryggð.

Á sama tíma og Viðskiptaráð fagnar þeim aðgerðum sem nýsköpunar- og atvinnuvegaráðuneytið kynnti fyrir á þessu ári bindur ráðið einnig vonir við að aðgerða sé að vænta hjá fleiri ráðuneytum og þvert á málaflokka, enda er ljóst að markvissar aðgerðir í þágu einföldunar regluverks hafa setið á hakanum til þessa.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,

f.h. Viðskiptaráðs


Agla Eir Vilhjálmsdóttir

³ Costa, L. F., & St Aubyn, M. (2012). *The macroeconomic effects of legal-simplification programmes*.